

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að allir reykvískir foreldrar njóti jafnræðis þegar kemur að systkinaafslætti vegna frístundagjalds. Því leggja þeir til að systkinaafsláttur gildi um öll reykvísk börn hvort sem þau stunda nám við borgarrekna skóla eða sjálfstætt starfandi skóla utan Reykjavíkur.

Greinargerð:

Reykvískir foreldrar sem senda börn sín í sjálfstætt starfandi skóla utan Reykjavíkur fá ekki allir systkinaafslætti vegna frístundagjalds líkt og ef börn þeirra stunduðu nám í skólum á vegum Reykjavíkurborgar. Óska fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir því að jafnræði verði gætt og öll börn sem eiga lögheimili í Reykjavík fái systkinaafslátt óháð því hvar þau stundi nám.